

**Nd.**

**595. Tillaga**

til þingsályktunar um kaup eða leigu á sildarbræðslustöð.

(Eftir siðari umr. í Ed.).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa sildarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef þess er kostur með hagkvæmum kjörum, eða að öðrum kosti að taka á leigu og starfrækja sildarbræðslustöð, sem ella mundi verða óstarfrækt, næsta sildveiðitímabil, á Siglufirði eða annarsstaðar, enda sé stöðin þá að öllu leyti í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eiganda og áhætta í sambandi við reksturinn ekki óhæfilega mikil að dómi ríkisstjórnar.